

TVÍLEIKUR FYRIR HÖFUND OG LEIKARA

eftir Benóný Ægisson

Sviðið er fangaklefi: stóll, borð og rúm. Tvær ferðatöskur standa fremst á sviðinu. LEIKARINN liggur í rúminu og starir upp í loftið. HÖFUNDURINN situr á háum kalli og heldur á handriti. LEIKARINN gerir það sem fyrir hann er lagt í handriti og HÖFUNDUR les fyrir.

HÖFUNDUR

Sviðið er fangaklefi, fátæklega búinn. Einu húsgögnin eru stóll, borð og rúm. Fanginn liggur í rúminu og starir upp í loftið. Langvarandi skortur og ófrelsi hefur sett mark sitt á hann. Þjáningin lýsir út úr hverjum drætti. Fanginn stendur upp, gengur fram og tilbaka en ekki of langt því klefinn er lítill og setur hreyfingarfrelsi hans þröngar skorður. Hann sest við borðið og horfir döprum augum fram í salinn. Stynur. Stendur upp. Stynur. Gengur um gólf. Leggst aftur í rúmið. Stynur, byltir sér um stund. Sest framá rúmstokkinn og setur olnbogana á hnén. Stynur. Hylur andlitið með höndunum. Axlirnar hristast í hljóðum gráti. Hann harkar af sér og stendur upp.

LEIKARI

Ég skal ekki láta bugast.

HÖFUNDUR

Hann gengur um gólf. Sest við borðið. Stynur.

LEIKARI

Fimmtán löng ár. Fimmtán löng ár. Fimmtán löng ár.

HÖFUNDUR

Hann grætur með ekkasogum.

LEIKARI

Fimmtán löng ár.

HÖFUNDUR

Hann stendur upp og gengur um gólf. Ætlar að setjast á rúmið en hættir við það og sest þess í stað á borðið. Stynur. Stendur upp og gengur um gólf. Leggst síðan á gólfið.

LEIKARI

Á gólfið?

HÖFUNDUR

Já. Á gólfið.

LEIKARI

Og hvað svo?

HÖFUNDUR

Hvað meinarðu, hvað svo?

LEIKARI

Ef ég leggst á gólfíð er ég búinn að leggjast allsstaðar þar sem hægt er að leggjast. Ef þú lætur mig setjast á gólfíð er ég líka búinn að setjast allsstaðar þar sem hægt er að setjast. Hvað gerist svo?

HÖFUNDUR

Það kemur í ljós.

LEIKARI

Ókei. Ég leggst þá á gólfíð.

HÖFUNDUR

Fínt. Það er einmitt það sem þú átt að gera samkvæmt handritinu. Hann leggst á gólfíð og reynir að sofna. Byltir sér.

LEIKARI

Afhverju leggst ég ekki í rúmið ef ég ætla að fara að sofa?

HÖFUNDUR

Kannski ertu orðinn leiður á því. Þegar öllu er á botninn hvolft ertu búinn að liggja í því í fimmtán ár.

LEIKARI

Fimmtán ár. Er það lélegur endingartími á rúmi? Myndi ég skipta oftast út rúmum ef ég væri frjáls maður?

HÖFUNDUR

Þetta er svona í handritinu.

LEIKARI

Ókei ókei. Ég spurði bara.

HÖFUNDUR

Þú þykist auðvitað geta skrifað betra leikrit.

LEIKARI

Ekki vera sár. Sumt gengur bara ekki upp þegar út á gólfíð er komið.

HÖFUNDUR

Ætli ég kannist ekki við það. Stundum kannast maður ekki við sín eigin verk þegar þau eru komin á svið. Það vita allir betur en höfundurinn. Ljósamaðurinn, hvíslarinn, skúringakonan..

LEIKARI

Eigum við ekki að þrælast í gegnum þetta?

HÖFUNDUR

Þá höldum við okkur við handritið.

LEIKARI

Við höldum okkur við handritið.

HÖFUNDUR

Þú verður að leggjast aftur. Hann byltir sér og getur ekki sofnað. Hann sest upp og stynur.

LEIKARI

Gerist ekkert í þessu andskotans leikriti?

HÖFUNDUR

Gerist? Hvað meinarðu?

LEIKARI

Ég veit það ekki. Kemur enginn annar?

HÖFUNDUR

(Flettir í handriti) Nei. Þetta er einleikur.

LEIKARI

Svoleiðis. Jæja haltu áfram.

HÖFUNDUR

Hann sest við borðið og leggur olnbogana á það. Hylur andlitið í höndum sér. Grætur hljóðlega.

LEIKARI

Segðu mér eitt. Hvað ertu að reyna að segja með þessu leikriti?

HÖFUNDUR

Segja?

LEIKARI

Já. Segja.

HÖFUNDUR

Nú, ég er að reyna að túlka einsemdina. Ófrelsið. Skírskota til einangrunar mannsins í víðara samhengi.

LEIKARI

Til hvers?

HÖFUNDUR

Jú þetta er auðvitað hræðilegt - þetta með einsemdina, ófrelsið og einangrunina.

LEIKARI

Ég meina: Hver er þessi maður? Hversvegna er hann þarna? Hversvegna kemur enginn og færir honum mat?

HÖFUNDUR

(Flettir) Það stendur ekkert um það í handritinu.

LEIKARI

Af hverju ekki?

HÖFUNDUR

Sko: Ef ég hefði ætlað mér að segja hver hann væri, hversvegna hann er þarna og útlísta mataræði hans þá hefði ég sett það í handritið.

LEIKARI

Það gerist semsé ekki neitt.

HÖFUNDUR

Ekki samkvæmt þínum skilningi að mér skilst.

LEIKARI

Ég sit hér og stend og styn og græt allt leikritið.

HÖFUNDUR

Í grófum dráttum: já. Auðvitað stendur verkið og fellur með túlkun þinni á innri þjáningum fangans, þú veist, ófrelsið.

LEIKARI

Ég er semsé ekkert á förum?

HÖFUNDUR

Á förum? Hvert þá?

LEIKARI

Að brjótast út eða eitthvað svoleiðis.

HÖFUNDUR

Nei.

LEIKARI

Til hvers eru þá þessar ferðatöskur?

HÖFUNDUR

Ferðatöskur?

LEIKARI

Já, ferðatöskur. Eru þær ekki í handritinu?

HÖFUNDUR

(Flettir) Nei. Engar ferðatöskur. Þær hljóta að vera úr einhverju öðru verki.

LEIKARI

Hvernig ætlarðu að láta þessi ósköp enda?

HÖFUNDUR

Ég var að hugsa um að láta þig gráta þig í svefn.

LEIKARI

Gráta mig í svefn?

HÖFUNDUR

Já.

LEIKARI

Það virkar ekki.

HÖFUNDUR

Af hverju ætti það ekki að virka?

LEIKARI

Það bara virkar ekki.

HÖFUNDUR

Ókei. Þú sem allt þykist vita. Hvernig myndir þú láta verkið enda?

LEIKARI

Tja. Við gætum til dæmis tekið sitthvora töskuna og farið.

HÖFUNDUR

Tekið ferðatöskur sem eru ekki einusinni í handritinu og bara farið. Það er ekki hægt.

LEIKARI

Þetta er bara tillaga. Auðvitað ræður þú þessu. Þú ert höfundurinn.

HÖFUNDUR

Af öllu því bulli sem veltur upp úr þér þá var þetta það heimskulegasta. Taka sitthvora ferðatöskuna..

(Þagnar)

Þeir taka sitthvora ferðatöskuna og ganga í átt til frelsisins.

LEIKARI

Ha?

HÖFUNDUR

Við förum.

LEIKARI

En hvað með handritið?

HÖFUNDUR

Við göngum handritslausir í átt til frelsisins.

LEIKARI

(Stynur)

Þeir taka sitthvora ferðatöskuna og ganga handritslausir í átt til frelsisins.

TJALDIÐ